

VMST-R/0612

**Hringvegur um Hornafjarðarfljót
Áhrif breyttrar veglínu á fiskstofna**

**Guðni Guðbergsson
Sigurður Guðjónsson**

September 2006


**Hringvegur um Hornafjarðarfljót
Áhrif breyttrar veglínu á fiskstofna**

**Guðni Guðbergsson
Sigurður Guðjónsson**

VMST-R/0612

September 2006

Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík. Sími: 5806300; Fax: 5806301

www.veidimal.is

gudni.gudbergsson@veidimal.is

EFNISYFIRLIT	bls.
Inngangur.....	1
Aðferðir.....	2
Niðurstöður.....	2
Þverun vatnakerfa.....	3
Brunnhólsá.....	3
Lækur við Lambleiksstaði.....	3
Djúpa.....	3
Hornafjarðarfljót.....	3
Hoffellsá.....	3
Laxá í Nesjum.....	4
Bergá.....	4
Einholtsvötn.....	4
Umhverfispættir.....	4
Útbreiðsla og þéttleiki seiða laxfiska.....	4
Efnistaka.....	5
Umræður.....	5
Heimildir.....	6
Myndir	7
Töflur	16

Inngangur

Vegagerðin fór þess á leit við Veiðimálastofnun að taka saman þá þætti sem hafa þarfi í huga og/eða rannsaka við gerð umhverfismats vegna gerðar nýs vegar við Hornafjörð auk þess að meta umhverfisáhrif þriggja vegstæða á þá fiskstofna sem eru á áhrifasvæðinu.

Um er að ræða um 19 km kafla sem m.a. felur í sér byggingu nýrrar brúar yfir Hornafjarðarfljót. Á kynningarfundum 7. mars lagði vegagerðin fram kort af mögulegum 3 nýjum veglínunum ásamt merkingum á efnistökusvæðum. Þær þrjár veglínur sem um ræðir eru merktar á 1. mynd sem veglínur 1, 2 og 3 og auglýstar hafa verið til kynningar af Vegagerðinni.

Nær allt vegstæðið er á miklu votlendissvæði sem er á aurkeilum og framburði jökulvatna. Svæðið tekur til straumvatns í Einholtslæk, Brunnhólsá, Djúpa, Hornafjarðarfljóts, Hoffellsár, Laxár í Nesjum, og Bergár. Auk þess Einholtsvatna og Hornafjarðar.

Í framkvæmdum er gert ráð fyrir byggingu brúar á Hornafjarðarfljót en ræsum í Brunnholtsá og Einholtslæk. Ef valin verður austasta veglína, veglína 1 er jafnframt gert ráð fyrir að nýjar brýr verði byggðar á Hoffellsá og Laxá. Gert er ráð fyrir að lenging varnargarða meðfram Hornafjarðarfljóti verði hluti af framkvæmdum við vegalagninguna til að verja mannvirki.

Takmörkuð vitneskja var fyrirliggjandi um veiði fiskgengd og tegundasamsetningu ferskvatnsfiska á vatnasvæðinu. Einu skráðu veiðitölurnar sem til eru af þessu svæði eru úr Laxá í Nesjum en þar hefur nokkur fiskrækt verið stunduð á undanförunum árum með sleppingum gönguseiða laxa.

Á áhrifasvæðinu er að finna allar tegundir fiska í fersku vatni hér á landi, lax, urriða, bleikju, hornsíli og ál. Af bleikju og urriða eru bæði staðbundnir og sjógengnir stofnar. Jafnframt er þar að finna smádýralíf sem einnig nýtist sem fæðudýr fyrir fiska og fugla á svæðinu.

Í vettvangsvinnu á áhrifasvæðinu var lögð áhersla á að kanna:

- Tegundasamsetningu fiska.
- Þéttleika fiska og útbreiðslu.
- Búsvæði fiska á áhrifasvæðinu.

Reiknað er með að mælingarnar nýtist jafnframt sem grunnildir ef fram koma breytingar í kjölfar framkvæmda.

Markmiðið er að draga fram hugsanleg, bein og óbein áhrif framkvæmda á fiskstofna á vatnasvæðinu, með tilliti áhrifa af vegalagningu eftir einhverri þessara þriggja veglína.

Almennt getur ræsa og brúargerð haft áhrif á fiskframleiðslu og fiskgengd. Sá hluti uppfyllinga brúa og ræsa sem fer ofan í flóðfar vatns minnkar framleiðsluflöt seiða

þar sem hún er fyrir. Straumur getur breyst þar sem þrengir að vatnsfari, straumur aukist og getur orðið gönguhindrun fyrir fiska í göngu. Það getur átt við bæði fullorðinn fisk og seiði. Úttekt á 62 þverunum í Skagafirði, Fljótum og Ströndum sýndi að ræsi í 8 vatnsföllum klipptu farleiðir sjógöngustofna og töpuðu þessir stofnar um 50% af búsvæðum sínum. Fullorðinn laxfiskur komst ekki um þveranir 41% vatnsfalla og 62% vatnsfalla voru þveranir ógengar laxfiskaseiðum og öðrum tegundum. Algengasta ástæða þess að fullorðnir laxfiskar komust ekki um ræsi var að meðaldýpt á ræsum (36%) og meðalstraumhraði hindraði laxfiskaseiði og aðrar tegundir í 54% ræsa. Of há fallhæð og grjót við útfall voru algengustu ástæður hindrunar (Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason 2005).

Með vandvirkni í hönnun og virku eftirliti með framkvæmdum má draga verulega úr hættu á neikvæðum áhrifum brúa og ræsa á fiskstofna og í mörgum tilfellum koma í veg fyrir óæskileg áhrif.

Aðferðir

Unnið var á vettvangi í lok júní 2006. Farið var um áhrifasvæðið, búsvæði og botngerð skoðuð og metin með tilliti til framleiðslu ferskvatnsfiska nærri áhrifa og efnistöðum.

Vatnshiti var mældur ásamt rafleiðni vatns (μScm^{-1}) og sýrustigi (pH). Rafleiðni vatns getur gefið óbeinan mælikvarða á frjósemi vatna. Rafleiðni vatns stafar af mismiklu magni af uppleystum efnum (jónum) sem mörg hver nýtast sem áburðarefni fyrir lífræna framleiðslu. Á einfaldan hátt má skipta útbreiðslu tegunda laxfiska hér á landi eftir leiðni vatni. Almenn talað þá þrífst bleikja í vatni með rafleiðni 20-40 μScm^{-1} , urriði þar sem leiðni er 40-60 μScm^{-1} og lax gerir mestar kröfur til búsvæða þar sem leiðni er yfir 60 μScm^{-1} . Auk þessa gera tegundirnar mismiklar kröfur til straumhraða og skjóls fyrir straumi og afráni. Þar gerir laxinn mestar kröfur en bleikja minnstar (Sigurður Guðjónsson 1990, Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996).

Þéttleiki fiska var metinn með rafveiðum þar sem veitt var ákveðið flatarmál botns með einni yfirferð. Tegundasamsetning fiska var greind og reiknuð vísitala seiða þéttleika sem fjöldi seiða á hverja 100m² botnflatar. Greint var kyn og kynþroska stig seiða. Staðsetning mælistaða var skrá með GPS staðsetningu (WGS 84).

Miðað verður við að hægt verði að fara á sömu staði og endurtaka mælingar ef grunur vaknar um breytingar eða vegna beinna áhrifa framkvæmda á fiskstofna.

Upplýsingum um veiði og veiðinýtingu var safnað eftir því sem tók voru á. Möguleg áhrif vegalagningar á fiskstofna var metinn í ljósi vettvangsathugunar og niðurstöðum mælinga.

Niðurstöður

Þverun vatnakerfa

Brunnhólsá

Vegstæði leiðar 1 liggur á sama stað og núverandi veglína. Þar yrðu því ekki miklar breytingar á vatni og vatnsrennsli frá því sem nú er. Vatni er hleypt undir veg um tvö ræsi með lygnum straumi og eru þau talinn geng öllum stærðum fiska.

Vegstæði 2 og 3 falla saman nokkru neðar við núverandi veg en þar er Brunnhólsá lygn og breidd hennar um 4-5 m. Þar er dýpi nokkuð og hágróður á botni (3. mynd). Umhverfi árinna er gróið og ræktað ofan núverandi vegar. Í rafveiðum veiddist bæði urriða og bleikjuseiði.

Lækur við Lambleiksstaði

Veglína 1 liggur þar sem núverandi vegur er en lækurinn er þveraður með tveimur ræsum sem eru talinn fiskgeng öllum stærðum fiska (4. mynd). Neðan þjóðveggar dregur úr halla lands og straumur minnkar (5. mynd). Í Lambleiksstaðakíl veiddust urriðaseiði í nokkrum þéttleika og einnig smáir álar. Veglínur 2 og 3 eru nokkru neðar núverandi vegar þar sem straumur er minni.

Djúpá

Djúpá fellur í tveimur kvíslum sem sameinast ofan þjóðveggar. Önnur kvíslin er bergvatnsá en hin er með miklum jökuláhrifum sem litar ána eftir að þær sameinast. Núverandi vegur þverar Djúpá með brú (myndir 7 og 8). Gert ráð fyrir að Djúpá falli í vestari hluta farveggar síns til sjávar með brú á nýrri veglínu. Þar sem halli á landi er lítill við veglínur eru líkur til að botngerð Djúpár standi þar undir takmarkaðri farmleiðslu seiða. Svo fremi sem brúarhaf þrengi ekki að farvegi eru ekki mikil hættu talin á að framkvæmdir takmarki framleiðslu né raski fiskgengd.

Hornafjarðarfljót

Gert er ráð fyrir að byggð verði ný brú á Hornafjarðarfljóti og að hún komi til með að hafa sambærilegt brúarhaf og núverandi brú. Veglínur 2 og 3 eru þær sömu en veglína 1 er samsíða þeim skammt ofar. Báðar þessar línur er á halla og straumlítlu vatni. Þrenging farveggarins undir brú mun líklega auka straum á þessu svæði en farvegurinn verða fær öllum stærðum fiska líkt og nú er. Líklegt er að sandur og framburður muni safnast að uppfyllingum ofna brúar og minnka flatarmál vatns. Þar sem fljótið er stórt og þéttleiki seiða lítill á þessu svæði er ekki líklegt að framkvæmdin skipti sköpum fyrir fiska í ánni.

Hoffellsá

Neðri hluti Hoffellsár fellur um aurkeilu Hornafjarðarfljóts en með byggingu varnargarða með fljótinu og Hoffellsánni fellur hún um eigin farveg til Hornafjarðar ásamt Laxá eftir að þær sameinast. Vatnið er að mestu leyti bergvatn og var það tært þegar athugun fór fram. Eftir breytingar á Hoffellsá eru líkur til að uppeldisskilyrði fiska þar hafi batnað og veiddust þar bæði urriði og bleikja en urriðin var í meirihluta. Veitt var inni á Hoffellsdal og við varnargarð neðan núverandi þjóðveggar (10. og 11. mynd).

Gert er ráð fyrir að veglína 1 þveri Hoffellsá með brú rétt ofan við ármót Hoffellsár og Laxár (12. mynd). Þar fellur áin á fremur sléttum áreyrum. Veglínur 2 og 3 eru samsíða og falla yfir sameiginlegan ós Hoffellsár og Laxár út undir

Hornafirði sunnan flugbrautar. Ekki er líklegt að áhrif brúar verði umfram það sem fer undir stöpla en framleiðsla seiða á því svæði er takmörkuð.

Laxá í Nesjum

Laxá í Nesjum er eina eiginlega laxveiðiáin á þessu svæði. Samfelld skráning stangveiði er til frá 1996 og var meðallaxveiði á þeim tíma 73 laxar (tafla 3). Nokkru af laxaseiðum hefur verið sleppt til hafbeitar úr Laxá í Nesjum en hlutdeild þeirra í veiðinni er ekki þekkt. Eins og fram kom í seiðamælingum er nokkuð af laxaseiðum í ánni. Framleiðslan er mest neðantil en einnig fannst lax inni á Laxárdal. Auk skráningar á laxveiði veiðist nokkuð af sjóbirtingi og sjóbleikju í ánni. Meðalveiði sjóbirtings var 126 fiskar á árunum frá 1996 – 2005 og 9 bleikjur. Breytileiki í veiði á silungi í Laxá er mun meiri en laxi en ástæður þessa eru ekki þekktar. Á síðustu árum hefur embætti veiðimálastjóra (nú Landbúnaðarstofnun) gert átak í eftirliti með að lög um veiðar í Hornafjarðarósi séu haldinn (Árni Ísaksson munnlegar uppl.). Hugsanlegt er að aukið eftirlit og bætt skráning hafi aukið veiði í ánni.

Ef farin verður veglína 1 mun vegurinn liggja meðfram Laxá frá ármótum hennar og Hoffellsár og þvera ána rétt ofan við norðurenda flugbrautar og neðan núverandi vegstæðis. Á þessum kafla eru einna bestu uppeldisskilyrði fyrir lax í Laxá. Vegur eftir veglínu 1 komi til með að liggja nærri bökkum Laxár og gæti haft truflandi áhrif á veiði og veiðimenn. Ef farnar verða veglínur 2 og 3 munu þær þvera sameiginlegan ós Laxár og Hoffellsár eins og framan greinir og ekki hafa truflandi áhrif á veiði.

Bergá

Bergá er lítil bergsvatnsá austan Laxár sem fellur í botnlanga sem gengur út úr Hornafirði (13. mynd). Í Bergá var nokkur þéttleiki urriða og áls. Veglína 1 mun þvera Bergá þar sem núverandi vegur er en annars mun hann falla um brú/ræsi úti í Hornafirði.

Einholtsvötn

Einholtsvötn eru lítill vatnaklasi úti í votlendinu nærri bænum Einholti (15. mynd). Veglína 1 liggur austan Einholtsvatna og í þeirri fjarlægð að ekki verður séð að um bein áhrif á lífríki vatnanna verði að ræða.

Umhverfisþættir

Rafleiðni vatns mældist hæst í lækjum sem runnu af grónu og ræktuðu landi en var lægst í jökulánum (tafla 1). Í Laxá var rafleiðni mæld á tveimur stöðum og kom fram að hún hækkaði eftir því sem neðar dró á vatnakerfið.

Það er sammerkt öllum þeim ám sem rannsakaðar voru að halli þeirra er mestur efst en minnkar síðan þegar niður á láglendi kemur. Lítil halli landsins gerir það að verkum að botn er almennt finn og uppeldisskilyrði laxfiska fremur takmörkuð. Uppeldisskilyrðin eru því mest ofan þess svæðis sem tekur til þeirra veglína sem metnar voru ef frá er talinn austasti hluti veglínu 1 frá Hoffellsá, við Laxá einkum og að Bergá. Að öðru leyti getur gönguleið um vötnin verið farartálmi sé þess ekki gætt að hönnun þeirra geri fiskgengd mögulega líkt og er í dag.

Útbreiðsla og þéttleiki seiða laxfiska.

Á því svæði sem veitt var á fannst urriði á flestum stöðum þótt í mismiklum þéttleika hafi verið. Laxaseiði fundust í einungis í Laxá og bleikja fannst einkum í þeim ám þar

sem jökulvatns gætir og rafleiðni vatns var lág. Smár áll fannst einnig á tveimur stöðum, í Læk við Lambleksstaði og í Bergá. Hornsíli fannst en rafveiði er ekki góður mælikvarði á fjölda þeirra. Af lengdardreifingu og aldri seiða má ráða að árgangar aðgreinast (16. mynd). Í Hoffellsá og Laxá var veitt á tveimur stöðum og má ráða að vöxtur seiða á neðri stöðum hafi verið meiri en á þeim efri.

Efnistaka

Samkvæmt 1. mynd eru skilgreindir nokkrir efnistökuastaðir til framkvæmdanna. Eina náman sem hefur bein áhrif á vatn er sú sem er á eyrunum við Djúpá. Aurkeila Djúpár og farvegur er nokkuð stór og um mikið efni þar að ræða. Almennt er ekki til bóta ef efni er tekið úr farvegum og verða þar staðbundinn áhrif á efnistökuastað. Þegar gryfja hefur verið tekinn aukast efnisflutningar af efri svæðum sem veldur röskun meðan á þeim stendur. Þau áhrif leggjast ofan á bein áhrif við efnistökuastað sem er það rask sem verður þar sem efni er tekið auk gruggáhrifa meðan þeirra meðan á framkvæmdum stendur. Þau áhrif gilda jafnt um fiska sem annað líf í fersku vatni. Æskilegt er og mælt með að efnistaka verði sem fjærst vatnsfarvegi. Þetta gildir þótt seiðabættleiki í hafi verið lágur í Djúpá.

Umræður

Í þeim ám sem athugaðar voru eru uppeldisskilyrði fiska að mestu ofan veglína þar sem halli er nokkur á landi, straumur ákveðinn og það stórir steinar í botni að þeir veiti seiðum skjól. Árnar á veglínunni eru því að mestu nýttar af fiskum sem gönguleið til sjávar eða á önnur beitarsvæði í Hornafirði eða við ströndina utan hans.

Uppeldissvæði fiska á því svæði sem breyttar veglínur taka til eru takmörkuð ef frá er talinn kaflinn í Laxá á því svæði sem gert er ráð fyrir þverun samkvæmt veglínunni 1. Þar eins og í öðrum ám er ekki hægt að sjá nein umtalsverð áhrif á fiska í fersku vatni svo fremi að opnun brúa og ræsa séu og verði með eðlilegum hætti og tryggi eðlileg vatnsskipti. Verði svo er ekki hægt að þeim gögnum sem fyrir liggja að draga aðra ályktun en þá að ekki verði um meiriháttar áhrif á fiskframleiðslu a vatnasvæðunum né veiðimöguleika að ræða af veglínunni 2 og 3. Veglína 1, með umferð, er líkleg til að geta haft truflandi áhrif á veiðimenn við ósa Laxár og staðbundinn áhrif á framleiðslu laxaseiða á því svæði sem fer undir brúarstólpa og uppfyllingar í Laxá en það svæði er jafnframt á því svæði sem náttúruleg framleiðsla laxaseiða er mest í Laxá.

Frágangur ræsa í Brunnhólsá og Læk við Lambleksstaði gæti verið frá gengið á sambærilegan hátt og gert er nú en best er að slík mannvirki hafi sem minnst áhrif á straumhraða og hæðarprófil botns. Þannig verða áhrif fiskgengd sem minnst og fær öllum stærðum fiska í göngu. Svo fremi sem brúarhöf á Hornafjarðarfljóti og yfir ósa Hoffellsár-Laxár og Bergár tryggi eðlilega og viðstöðulaus vatnsskipti er ekki líklegt að framkvæmdir við veglínur 2 og 3 hafi mikil áhrif á fiskgengd og eru þær lagðar að jöfnu.


Hafa má í huga að lífsskeið fiska í fersku vatni eru misviðkvæm. Slíkt þarf að hafa í huga á framkvæmdatíma þegar líklegt er að röskunin verði mest. Seiði laxfiska eru að ganga til sjávar á vorin (maí til júlí) og er sá tími viðkvæmur í lífsferli þeirra. Mikilvægt er að framkvæmdir valdi ekki truflun á sjögöngu. Göngur fiska úr sjó byrja síðan upp úr miðjum júní og standa fram á haust. Á þeim tíma þarf gönguleið að vera opin fiskum.

Heimildir

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason. Áhrif brúa- og ræsagerðar á ferðir ferskvatnsfiska og búsvæði þeirra. Veiðimálastofnun, VMST-N/0503. 98 bls.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1996. Fiskar í ám og vötnum. Landvernd. Reykjavík 191 bls.

Sigurður Guðjónsson 1990. Classification of Icelandic watersheds and rivers to explain life history strategies of Atlantic Salmon. Phd. thesis, Oregon State University. 139 bls.



1. mynd. Lega þeirra þriggja mismunandi vegstæða/veglína sem koma til grein við breytingar á legu hringvegarins við Hornafjörð og metin voru með tilliti til áhrif á fiska í ám.



2. mynd. Brunnhólsá ræsi undir núverandi veg.



3. mynd. Brunnhólsá nærri þeim stað sem gert er ráð fyrir þverun samkvæmt vegalínunum 2 og 3.



4. mynd. Ræsi í Lambleiksstaða kíll og ræsi á þjóðvegi.



5. mynd. Lambleiksstaðakíll neðan þjóðvegur.



6. mynd. Urriða og álaseiði úr Brunnhólsá.



7. mynd. Brú á Djúpa við Holtasel.



8. mynd. Djúpa ofan Þjóðvegur þar sem bergvatn og jökulvatn mætist.



9. mynd. Hornafjarðarfljót. Varnargarður að Skógey og brú á núverandi Þjóðvegi með jökul í baksýn.



10. mynd. Hoffellsá í Hoffellsdal.



11. mynd. Hoffellsá við varnargarð neðan núverandi þjóðveggar.



12. mynd. Ármót Hoffellsár og Laxár. Hoffellsá kemur að ofan en Laxá frá vinstri.











13. mynd. Rafveiðistöð í Laxá á mótis við flugvallarenda nærri þeim stað sem gert er ráð fyrir þverun samkvæmt veglínu 1.



14. mynd. Bergá ofan Þjóðveggar.



15. mynd. Einholtsvötn. Myndin tekin af bæjarhólnum í Einholti.



16. mynd. Lengdardreifing seiða í rafveiðum í ám við Hornafjörð í júní 2006. Lax er táknaður með bláum lit, urriði með grænum og bleikja með rauðum. Gefin er aldur seiða í árum en + táknar að vöxtur hafi orðið viðkomandi sumar.

Tafla 1. Staðsetning mælistaða og niðurstöður mælinga á rafleiðni, sýrustigi og vatnshita.

Vatnsfall	Staðsetning (GPS, WGS84)		Rafleiðni	Sýrustigi	Vatnshiti
	°Norður	°Vestur			
Brunnhólsá	64,28644	15,43364	263,0	7,9	16,3
Lækur við Lambleksstaði	64,28423	15,46689	134,0	9,1	17,6
Djúpá	64,32324	15,46151	65,6	7,6	14,7
Jökulvatn Djúpár ofan ármóta	64,31533	15,43651	25,6	7,4	11,0
Suðurfjót	64,37459	15,41168	33,7	6,5	8,4
Austurfjót	64,41495	15,41138	36,5	7,8	1,8
Hornafjarðarfjót við Skógey	64,31050	15,32486	37,6	7,0	14,1
Hoffellsá inn á dal	64,43105	15,29091	64,0	7,9	9,6
Hoffellsá neðan við brú	64,37038	15,29433	95,8	7,2	13,0
Laxá í Laxárdal	64,34669	15,15457	58,8		11,2
Laxá við flugvöll	64,30568	15,22776	78,3	7,6	11,0
Bergá	64,29888	15,18375	81,2	7,6	13,2

Tafla 2. Staðsetning rafveiðistöðva, stærð veiðisvæðis, fjöldi veiddra seiða skipt eftir tegundum og þéttleiki á hverja 100m².

Vatnsfall	Staðsetning (GPS, WGS)		Flatarmál svæðis m ²	Urriði		Bleikja		Lax		Áll	
	°Norður	°Vestur		Fjöldi	Fjöldi/100m ²	Fjöldi	Fjöldi/100m ²	Fjöldi	Fjöldi/100m ²	Fjöldi	Fjöldi/100m ²
Brunnhólsá	64,28644	15,43364	43,2	8	18,5	1	2,3	0	0,0	0	0,0
Lækur við Lambleksstaði	64,28423	15,46689	27,6	31	112,3	0	0	0	0,0	9	32,6
Djúpá	64,32324	15,46151	167,5	1	0,6	0	0	0	0,0	0	0,0
Hornafjarðarfjót við garð að Skógey	64,31050	15,32486	36,5	0	0,0	4	11,0	0	0,0	0	0,0
Hoffellsá inn á dal	64,43105	15,29091	474,3	3	0,6	9	1,9	0	0,0	0	0,0
Hoffellsá neðan við brú	64,37038	15,29433	20,5	13	63,4	3	14,6	0	0,0	0	0,0
Laxá í Laxárdal	64,34669	15,15457	367,5	0	0,0	1	0,3	1	0,3	0	0,0
Laxá við flugvöll	64,30568	15,22776	777,0	7	0,9		0	23	3,0		0,0
Bergá	64,29888	15,18375	156,0	26	16,7	1	0,6	0	0	3	1,9

Tafla 3. Skráð veiði í Laxá í Nesjum á árunum 1996-2005.

Ár	Lax	Urriði	Bleikja
1996	32	68	4
1997	8	37	5
1998	21	43	4
1999	18	37	0
2000	41	21	6
2001	81	215	4
2002	135	57	6
2003	88	459	63
2004	202	233	1
2005	103	93	1
Meðaltal	73	126	9